

**LÖG****um brottfall laga nr. 2/1917.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi, nr. 2/1917, eru felld úr gildi.

2. gr.

Þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

1. júní 1992

Nr. 44

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna,  
sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:  
Stjórn sjóðsins getur ákveðið aðra skipan mála.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun eða af löggiltum endurskoðendum.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

- Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans. Því má ráðstafa á eftirfarandi hátt:
1. Í ríkisskuldabréfum.
  2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
  3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
  4. Í bönkum og sparissjóðum.